

# **SAMÞYKKTIR KVASIS**

## **SAMTAKA FRÆÐSLU- OG SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVA**

### **Á LANDSBYGGÐINNI**

#### **Nafn, lögheimili o.fl.**

##### **1. gr.**

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni er félag fullorðinsfræðslu- miðstöðva utan höfuðborgarsvæðisins.

##### **2. gr.**

Heimili Kvasis og varnarþing er á lögheimili formanns hverju sinni.

#### **Aðilar að samtökunum og réttur til aðildar að þeim**

##### **3. gr.**

Aðilar að samtökunum eru:

- Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar,
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða,
- Fræðslumiðstöð Þingeyinga,
- Fræðslunet Austurlands,
- Fræðslunet Suðurlands,
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum,
- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar,
- Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og
- Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

##### **4. gr.**

Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og aðrar stofnanir sem falla undir skilgreiningu 1. gr.

#### **Markmið, samstarfsaðilar o.fl.**

##### **5. gr.**

Markmið samtakanna er:

- Að efla endur- og símenntun á landsbyggðinni.
- Að efla og auka háskólanám á landsbyggðinni.
- Að efla og auka skilning atvinnulífsins á mikilvægi símenntunar sem auðlindar og fjárfestingu til framtíðar sem getur bætt afkomu einstaklinga, fyrirtækja og samfélagsins í heild.
- Að efla og stuðla að aukinni samvinnu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.
- Að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá sem bjóða fullorðinsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu á heimaslóðum.
- Að vera vettvangur umræðu um fullorðinsfræðslu og símenntun á Íslandi sem og í norrænu og alþjóðlegu samhengi.
- Að gæta sameiginlegra hagsmuna símenntunarmiðstöðvanna og kynna starf þeirra.
- Að efla skilning á hlutverki símenntunarmiðstöðva í menntakerfi þjóðarinnar og vinna þeim skilningi stuðning á opinberum vettvangi.

**Stjórn, skipunartími, þóknun stjórnarmanna o.fl.**

**6. gr.**

Á aðalfundi ár hvert skal skipa samtökunum þriggja manna stjórn og einn til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum, formaður, ritari og gjaldkeri. Hver stjórnarmaður skal skipaður til tveggja ára í senn. Framkvæmdastjórar / forstöðumenn símenntunarmiðstöðva sem aðild eiga að samtökunum skiptast á um formennsku, eitt ár í senn.

Hlutgengir til setu í stjórn og varastjórn samtakanna eru framkvæmdastjórar / forstöðumenn og stjórnarmenn símenntunarmiðstöðvanna. Símenntunarmiðstöðvar Kvasis skiptast á að tilnefna stjórnarmenn, þannig að hver miðstöð tilnefnir einn aðalmann í senn í þeirri röð sem þær koma sér saman um.

Stjórnarmenn hljóta ekki laun fyrir störf sín, en útlagður kostnaður sem af störfum þeirra hlýst greiðist af samtökunum.

**Verkefni stjórnar, fundir, ákvarðanatöku o.fl.**

**7. gr.**

Stjórn samtakanna fer með daglegan rekstur þeirra milli aðalfunda og félagsfunda. Hún skal vinna að markmiðum þeirra og öðrum þeim verkefnum sem henni eru falin af aðal- og félagsfundi. Stjórnin kemur fram fyrir hönd samtakanna út á við og vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum símenntunarmiðstöðvanna.

Stjórnin skal halda fundi eftir þörfum. Halda skal fund ef stjórnarmaður óskar þess. Stjórnarfundi skal boða um netföng stjórnarmanna eða á annan tryggilegan hátt. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef allir stjórnarmenn eru mættir og ályktun er samþykkt samhljóða.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstakra mála sem varða hann persónulega.

**Gerðabók, skráning funda, ákvarðanna o.fl.**

**8. gr.**

Stjórn samtakanna skal halda gerðabók þar sem skráðar skulu fundargerðir aðalfunda, félagsfunda og stjórnarfunda. Tryggilega skal færa til bókar allar ákvarðanir sem teknar eru á aðal-, félags- og stjórnarfundum. Heimilt er að fundargerðir séu unnar í tölvu en þá skal prenta þær út á vandaðan pappír og stjórnar menn staðfesta hana með undirritun sinni. Fundargerðirnar skal varðveita á tryggilegan hátt.

**Fjárhagur, fjárvarsla, ábyrgð á skuldum, árgjöld, rekstraráætlun o.fl.**

**9. gr.**

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri og fjárhag samtakanna.

Fjárhagslegar skuldbindingar samtakanna eru aðildarmiðstöðvum óviðkomandi umfram það sem samþykkt hefur verið samhljóða á aðal- eða félagsfundum þar sem fulltrúar allra miðstöðvanna eru mættir eða umboðsmenn þeirra.

**10. gr.**

Aðalfundur ákveður árgjöld, sem standa skulu undir daglegum rekstri samtakanna. Stjórn skal gera fjárhags- / rekstraráætlun sem lögð skal fyrir aðalfund, sbr. 11. gr. Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

**Aðalfundur, fulltrúar á aðalfundi,  
félagsfundir, atkvæðagreiðsla, o.fl.**

**11. gr.**

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda árlega, eigi síðar en fyrir lok maímánaðar. Hann skal boða með tryggilegum hætti um netföng til aðildarmiðstöðvanna með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Framkvæmdastjóri / forstöðumaður hvers miðstöðvar bera ábyrgð á boðun til stjórnanna sinna.

**Verkefni aðalfundar eru:**

- (1) Skýrsla stjórnar
- (2) Afgreiðsla reikninga
- (3) Fjárhags- og rekstraráætlun
- (4) Skipun stjórnar
- (5) Kosning skoðunarmanna
- (6) Ákvörðun um árgjöld
- (7) Önnur mál

**12. gr.**

Félagsfundur skal halda svo oft sem þurfa þykir að ákvörðun stjórnar eða ef þrjár eða fleiri aðildarmiðstöðvar óska þess.

Félagsfundur skal boða með tryggilegum hætti um netföng aðildarmiðstöðvanna með hæfilegum fyrirvara.

**13. gr.**

Hver aðildarmiðstöð fer með eitt atkvæði á aðal- og félagsfundum og skal stjórnarformanni samtakanna send tilkynning um það hver fer með atkvæði hennar á aðalfundi og hver til vara í forföllum aðalmanns.

Aðalfundur er ályktunarfær ef fulltrúar allra aðildarmiðstöðvanna eða umboðsmenn þeirra eru mættir til fundar og ályktun er samþykkt samhljóða.

Félagsfundur er ályktunarfær ef fulltrúar ¾ hluta aðildarmiðstöðvanna eða umboðsmenn þeirra eru mættir á fund og ef ályktun er samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjórnar, starfsmenn og stjórnarmenn aðildarmiðstöðvanna hafa rétt til setu á aðal- og félagsfundum með málfrelsi og tillögurétt.

**Breytingar á samþykktum þessum, slit samtakanna o.fl.**

**14. gr.**

Samþykktum þessum verður aðeins breytt með samhljóða samþykki aðalfundar. Séu ekki mættir fulltrúar allra aðildarmiðstöðvanna á aðalfund þar sem tillaga um breytingar á samþykktum liggur fyrir skal boða til framhaldsaðalfundar. Mæti enn ekki fulltrúi viðkomandi miðstöðvar á þann fund getur framhaldsaðalfundur samþykkt breytingu á samþykktunum með atkvæðum allra þeirra sem mættir eru á aukaaðalfundinn. Aðildarmiðstöð getur sagt sig úr samtökunum með tilkynningu þar að lútandi og skal hún send formanni stjórnar Kvasis fyrir komandi áramót og tekur hún þá gildi á næsta aðalfundi.

Samtökum þessum verður slitið með sameiginlegri ákvörðun aðalfundar eða aukaaðalfundar með sömu formerkjum og hér að framan um breytingar á samþykktunum.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á aðalfundi samtakanna árið 2004 skulu skipaðir nýjir stjórnarmenn í samræmi við ákvæði samþykktu þessara þannig að tveir (fjórir) aðal- og varamenn skulu skipaðir til tveggja ára en einn (tveir) til eins árs.

***Samþykkt á aðalfundi Kvasis sem haldinn var í Reykjanesbæ ..... apríl árið 2004***

## Skýringar með tillögum til breytinga á samþykktum Kvasis sem lagðar verða fyrir aðalfund í apríl 2004.

### Komið þið sæl

(sent á framkvæmdastjóra og stjórnarformenn aðildarmiðstöðva Kvasis)

Hjálögð er tillaga að breytingum á samþykktum fyrir Kvasi samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni sem lögð verður fram á aðalfundi 28 - 29. apríl næstkomandi.

Tillagan er lögð fram af vinnuhópi sem samanstendur af stjórn Kvasis (Ingu, Kartínu og Smára) og þremur stjórnarmönnum aðildarmiðstöðvanna (Arnari, Baldri og Ólafi)

Helstu breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir eru þessar.

### (1) Framsetning á samþykktunum

Uppsetningu hefur verið breytt með því að settar hafa verið inn millifyrirsagnir og greinum endurraðað í samræmi við það.

### (2) Efnislegar breytingar

Efnislegar breytingar eru nokkrar, sumar settar fram til þess að auka skýrleika en aðrar til að skerpa á ýmsum formsatriðum. Veigamestu breytingarnar lúta að skipun stjórnar, sbr. umræðu þar að lútandi á félagsfundi í febrúar sl.

#### (a) Aðilar að samtökunum

Gerð er tillaga um að í stað þess að telja upp stofnaðila að samtökunum, verði þeir sem á hverjum tíma eru aðilar taldir upp í 3. gr. Frá stofnun hefur ein miðstöð bæst í hópinn, Viska í Vestmanneyjum, og vel við hæfi að gera þessa breytingu þannig að í samþykktunum komi fram nöfn allra miðstöðvanna.

#### (b) Stjórn samtakanna (er 4. gr. í núverandi samþykktum - 6. gr. í tillögunni).

Áfram er gert ráð fyrir að stjórn samtakanna verði þriggja manna en hins vegar lagt til að einnig verði tilnefndir þrír menn til vara sem er til þess fallið að breikka stjórnina og þá eftir atvikum hægt að virkja fleiri til starfa. Þá eru tekin af tvímæli um að bæði framkvæmdastjórar / forstöðumenn og stjórnarmenn miðstöðvanna séu hlutgengir í kjöri til stjórnar. Áfram er gert ráð fyrir því að formaður stjórnar sé úr röðum framkvæmdastjóra / forstöðumanna aðildarmiðstöðvanna sem jafnframt þýðir að tilnefna verður a.m.k. einn stjórnarmann úr þeirra röðum á hverjum tíma. Ljóst er af reynslunni að veruleg vinna hvílir á formanni stjórnar og að hann er sá aðili sem er í forsvari fyrir hana og samtökin við ýmis tilefni. Því er lagt til að formaður sé úr hópi framkvæmdastjóra / forstöðumanna enda ljóst að þeir eru í mestu návígi við starfsvettvanginn og þá þróun sem þar á sér stað auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir ákveðna dreifingu ábyrgðar, valds og vinnuframlags til lengri tíma lítið. Þá er nú tekið fram að stjórnarmenn þiggi ekki laun fyrir störf sín en að útlagður kostnaður af störfum þeirra greiðist af samtökunum.

#### (b) Verkefni stjórnar, fundir, ákvarðanatöku o.fl. (er 5. gr. í núverandi samþykktum - 7. gr. í tillögunni).

Þessi grein er gerð skýrari með því að tekið er fram að stjórnin fari með daglegan rekstur þeirra milli aðal- og félagsfunda, hvenær skuli halda fundi, hvenær fundur er ályktunarfær o.fl. atriði.

#### (c) Gerðabók samtakanna, skráning funda, ákvarðanna o.s.frv. (ný grein - 8. gr. í tillögunni).

Hér er lögð til ný grein sem er í samræmi við almennar vinnureglur stjórna samtaka, fyrirtækja o.s.frv. Greinin er sett fram til að minna á nauðsyn ákveðins forms á vinnu stjórnar, ákvarðanatöku, skráningu o.s.frv. Greinin skýrir sig sjálf.

**(d) Fjárhagur, fjárvarsla, ábyrgð á skuldum, árgjöld, fjárhags- og rekstraráætlun.**

Hér er gerð tillaga að tveimur nýjum greinum, 9. gr. og 10. gr. auk þess sem efni núverandi 7. gr. verður hluti af 10. gr. - Hér er gerð tillaga að með skýrum hætti sé kveðið á um hvernig fjárhag, fjárvörslu o.s.frv. sé háttað. Greinarnar skýra sig sjálfar.

**(e) Aðalfundur (er 6. gr. í núverandi samþykktum - 11. gr. í tillögunni).**

Bætt er við að framkvæmdastjóri hvernar miðstöðvar beri ábyrgð á boðun til stjórnarmanna sinna. Þá er bætt við að á aðalfundi skuli taka fyrir fjárhags- og rekstraráætlun samtakanna, sbr. 3. lið 12. gr. - Þá er sett fram sérstök grein sem fjallar um atkvæðisrétt, ályktunarfærni o.fl., sbr. hér að neðan. Greinin skýrir sig sjálf.

**(f) Félagsfundir (ný grein 12. gr.)**

Hér er fjallað sérstaklega um félagsfundi, hvernær þá skuli halda, boðun o.fl. - Greinin skýrir sig sjálf.

**(g) Atkvæðaréttur, atkvæðagreiðsla, ályktunarfærni o.fl. ( er að hluta í núverandi 6. gr. - 13. gr. í tillögunni).**

Hér er fjallað um atkvæðarétt, tilkynningu um fulltrúa á aðalfundi, ályktunarfærni aðalfundar og félagsfundar. Þá er fjallað um hverjir hafa rétt til setu á aðal- og félagsfundum. Með greinninni er ætlunin að skerpa á atkvæðaréttinum og meðferð hans á aðalfundi og félagsfundum, m.a. gert ráð fyrir að heimilt sé að umboðsmaður mæti á aðal- eða félagsfund. Loks er tekið fram að framkvæmdastjórar, starfsmenn og stjórnarmenn aðildarmiðstöðvanna hafi rétt til setu á aðal- og félagsfundum með málfrelsi og tillögurétt. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

**(h) Breytingar á samþykktunum, slit samtakanna o.fl. ( er að hluta í núverandi 9. gr. – 14. gr. í tillögunni).**

Samkvæmt gildandi samþykktum er aðeins hægt að gera breytingar á samþykktunum með samhljóða samþykkt aðalfundar. Með tillögunni er lagt til að hægt sé að gera breytingar á samþykktunum á aukaaðalfundi ef fulltrúar allra miðstöðvanna mæta ekki á aðalfund þar sem breytingar á samþykktunum liggja fyrir. Samkvæmt tillögunni er þá hægt að boða aukaaðalfund um áður boðaða tillögu að breytingum á samþykktunum og afgreiða þær á aukaaðalfundinum með atkvæðum þeirra sem þá mæta á fundinn. Er þetta þá frábrigði við meginregluna 2. mgr. 13. gr. og er þá ætlað að koma í veg fyrir sjálfheldu ef aðildarmiðstöð mætir ekki á boðaða aðalfundi. Þá er í þessari grein gert ráð fyrir að aðildarmiðstöð geti sagt sig úr samtökunum með skriflegri úrsögn. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Tillögurnar eru nú sendar út til kynningar og verða teknar til afgreiðslu á aðalfundi Kvasis 29. apríl næst komandi. Ef einhverjar spurningar vakna eða þið viljið koma að ábendingum þá vinsamlega hafið samband við undirritaðan.